

Árni Davíðsson

From: Árni Davíðsson
Sent: miðvikudagur, 9. desember 2020 16:20
To: Hervör Pálsdóttir
Subject: RE: Verslun og þjónusta í Ráðagerði – Lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi Vestursvæðis sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sæl Hervör

Afsakaðu sein svör.

Heilbrigðiseftirlitið skoðaði þessa lýsingu að breytingu aðalskipulags og gerir ekki athugasemdir við hana.

kveðja

Árni Davíðsson framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

sími 525 6797

www.eftirlit.is

Starfssvæði: Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kjósarhreppur.

From: Hervör Pálsdóttir [mailto:hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is]
Sent: mánudagur, 2. nóvember 2020 11:44
To: postur@minjastofnun.is; ust@ust.is; ni@ni.is; Eftirlit <eftirlit@eftirlit.is>; usk@reykjavik.is; Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is>
Cc: Einar Már Steingrímsson <einar.m.steingrimsson@seltjarnarnes.is>; Margrét Harðardóttir <margret.hardardottir@seltjarnarnes.is>
Subject: Verslun og þjónusta í Ráðagerði – Lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi Vestursvæðis sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Til umsagnaraðila

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur áhuga á að í Ráðagerði verði heimiluð veitingaþjónusta í flokki II, skv. 17. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016. Flokkur II er skilgreindur þannig: Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Vegna þessa þarf að breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir Ráðagerði. Í núgildandi aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar, sem var staðfest 21. febrúar 2017, er Ráðagerði innan íbúðarsvæðis ÍB-10, Bygggarða. Í skipulaginu er mörkuð stefna um að innan íbúðarsvæða sé ekki gert ráð fyrir veitingastöðum í flokki II og því nauðsynlegt að breyta stefnu um landnotkun til þess að slík starfsemi geti verið heimil í húsinu. Tillaga um breytingu á aðalskipulagi mun fela í sér afmörkun nýs reits í flokki verslunar og þjónustu, sem nær utan um húsið og svæði fyrir bílastæði norður af húsinu, að Norðurströnd.

Deiliskipulag Vestursvæðis tók gildi í september 2017. Tillaga um breytingu á deiliskipulaginu mun fela í sér afmörkun bílastæða norðan við húsið, hugsanlega göngutengingar að því og landmótun. Bílastæðið mun

einnig þjóna útivistarsvæðinu. Lóð fyrir Ráðagerði er þegar skilgreind í gildandi deiliskipulagi en tilgreindri notkun lóðarinnar verður breytt í veitingahús í flokki II.

Gerð hefur verið lýsing, þar sem fyrirætlunum og staðháttum er lýst. Bæjarstjórn samþykkti þann 28. október sl. að kynna lýsingu á breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Lýsingin er fyrsta skrefið í framangreindum skipulagsbreytingum og er hún sett fram og kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

[Verslun og þjónusta í Ráðagerði – Lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi Vestursvæðis \(PDF skjal\)](#)

Frestur til að skila athugasemdum eða ábendingum er ákveðinn til og 13. nóvember 2020.

Athugasemdum eða öðru má skila á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes.

Sjá einnig hér: <http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/nr/11624>

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupósts þessa.

Einar Már Steingrímsson,
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Virðingarfyllt,
f.h. sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs

Hervör Pálsdóttir
Bæjarskrifstofur Seltjarnarness
Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes
Sími: 595 9100, Fax: 595 9102
Netfang: hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is
Fyrirvari/Disclaimer: <http://www.seltjarnarnes.is/tolvupostur/>